

**Nd.**

**595. Frumvarp til laga**

[216. mál]

um skattfrelsi vinninga í happdrætti Styrktarfélags vangefinna, Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, Sjálfsbjargar — landssambands fatlaðra og Krabbameinsfélags Reykjavíkur.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Árið 1962 skulu vinningar í happdrættum eftirtalinna félaga vera undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum nema eignarskatti:

Styrktarfélags vangefinna,  
Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra,  
Sjálfsbjargar — landssambands fatlaðra,  
Krabbameinsfélags Reykjavíkur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sams konar frv. var flutt á síðasta þingi að beiðni þriggja umræddra félaga. Þau hafa óskað eftir framlengingu á skattfrelsi happdrættisvinninga, og þar sem félögin vinna öll gott starf, hvert á sínu sviði, þykir rétt að verða við þeim óskum. Bætt er við Krabbameinsfélagi Reykjavíkur.